

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra vegna Öldutúns ÍB24.

Skipulagsstofnun staðfesti 12. desember 2019 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 sem samþykkt var í sveitarstjórn 14. nóvember 2019.

Í breytingunni felst að ákvæði um þéttleika byggðar í íbúðabyggð ÍB24 er breytt úr 10-12 íbúðir/ha í 3 íbúðir/ha. Eftir breytinguna nefnist svæðið Öldutún í stað Garðs (Engjagarðs).

Málsmeðferð var óveruleg breyting á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 12. desember 2019.

F.h. forstjóra

Hafdís Hafliðadóttir.

Guðrún Halla Gunnarsdóttir.